

Á diskótek í gráum stakk

Orðið *stakkur* á sér mjög langa sögu í íslensku og getur haft ýmsar merkingar. Hér verður einungis fjallað um notkun orðsins í nútímamáli þar sem það merkir eins konar yfirhöfn. Samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* er *stakkur* 'síð og (jafn)víð yfirhöfn, yfirleitt heil að framan (t.d. sjóstakkur)'.



Ljósar buxar, líffeg peysa og þunmur stakkur.

Eftirfarandi smáauglýsingu frá 1983 er að finna í dagblaðinu Degi sem gefið var út á Akureyri um áratuga skeið.

Tapað

Grár stakkur var tekinn í misgripum á diskótekinu í Freyvangi laugardagskvöldið 10/2. Vinsamlegast hringið í síma 24939.

Í Degi er töluvert um smáauglýsingar þar sem bæjarbúar lýsa eftir stökkum sem teknir hafa verið í misgripum eða týnst niðri í bæ. Ólíklegt verður þó að teljast að Akureyringar hafi farið mikið út á lífið í stökkum eins og þeir eru skilgreindir í orðabókum. Á Akureyri er orðið *stakkur* nefnilega notað í eilítið annarri merkingu en sú sem algengust er í öðrum landshlutum.

Þegar leitað var til Akureyringa á miðjum aldri eftir upplýsingum um orðið *stakkur* gáfu þeir eftirfarandi skýringar:

- Stakkur er yfirhöfn – léttari en úlpa, t.d. íþróttastakkur eða létt sumaryfirhöfn.
- Ég nota orðið stakkur og myndi ég segja að það væri eitthvað sem er á milli þess að vera úlpa og jakki.
- Stakkur er frekar stuttur, rétt niður fyrir mitti en samt frekar hlý flík.

- Í mínum huga er stakkur yfirhöfn. Hann er ekki síður eins og kápa heldur í mittissídd, þynnri en úlpa, meira svona þunnur eins og sumarjakki en samt ekki endilega sumarjakki. Hann er renndur, ekki hnepptur.
- Léttur sumarjakki. Ég held ég noti það frekar um karlmannsflik, vön því að pabbi fari í stakkinn.

Af svörunum má draga þá ályktun að meðal Akureyringa merkir *stakkur* 'mittislöng og frekar létt vetrar-eða sumaryfirhöfn sem er opin að framan og með rennilás', það er að segja það sem oftast er kallað *jakki* eða *úlpa*.

Heimildarmennirnir sem talað var við á Akureyri könnuðust allir við að nota orðið *stakkur*. Sumir töldu þó að notkunin hafi verið meiri áður fyrr og að orðið væri ef til vill ekki í virkri notkun meðal yngri kynslóðarinnar.

Nafnorðið *stakkur* er dæmi um orð sem er þekkt úr almennu máli en hefur hlotið staðbundna merkingu. Fjölmörg dæmi eru um slík orð á Akureyri og víðar á Norðurlandi og má þar nefna orð á borð við *stertur* 'tagl í hári', *svelgur* 'niðurfall', *drusla* 'borðtuska' *brók* 'nærbuxur' og *strengir* 'harðsperrur'.

Orð með staðbundna merkingu koma aðallega fyrir í munnlegum samskiptum og því erfitt að afla heimilda um notkun þeirra. Oft má þó finna athyglisverð orð og orðalag í gömlum bæjarblöðum á borð við Dag á Akureyri og þá ekki síst í auglýsingatextum og smáauglýsingum frá bæjarbúum.

Myndir

Tobias Tullius, Unsplash.

Dagur. 73. árgangur 1990, 107. tölublað, bls. 8.

Greinin er eilítið breytt útgáfa af pistli sem birtur var á [vef Árnastofnunar](#) 6. maí 2022.